


Fuglaverndarfélag Íslands



Pósthólf 5069, 125 Reykjavík • Sími 562 0477 • Bréfasími 551 6413
Netfang: fuglavernd@fuglavernd.is • heimasíða: www.fuglavernd.is

Skýrsla formanns árið 2001

Lögð fram á aðalfundi 6. apríl 2002

„Þetta var sögulegt ár eins og undanfarin ár og baráttan var síst minni né mýkri heldur en árin á undan“. Svona hófst síðasta ársskýrsla og geta þau alveg eins verið upphafið að þessari. Starf félagsins tók ekki miklum stakkaskiptum og var með svipuðu sniði og árin á undan.

Haldnir voru 3 **fræðslufundir**:

- Í janúar héldu Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson myndasýningu, sem bar heitið *fólk og fuglar í Vestur-Afríku*.
- Í febrúar héldu Gunnar Þór Hallgrímsson og Yann Kolbeinsson myndasýningu sem bar yfirskriftina *Fuglalíf við Miðjarðarhaf*.
- Í mars hélt Ólafur Einarsson erindi um *Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA)*.

Vettvangsfræðsla/fuglaskoðun var 5 sinnum: Í febrúar og mars á Innesjum. Flórgoðadagurinn var við Ástjörn í byrjun maí og fuglaskoðun í júní í friðlandinu í Flóa. Loks tók félagið þátt í alþjóðlegum fuglaskoðunardögum í byrjun október og var m.a. fuglaskoðun í Grafarvogi.

Aðeins tvö **fréttabréf** komu út á árinu, en **heimasíðan** hefur sífellt verið að taka við hlutverki þess. Tveir fastir liðir voru á dagskrá ársins. Um 20 félagar tóku þátt í **garðfuglakönnun** og í nóvember voru gefin út tvö **jóla- og tækifæriskort**.

Þann 13. september fóru tveir stjórnarmenn á **Evrópufund BirdLife International** á Gíbraltar. Fundurinn stóð í 5 daga, en fjallað var um hann í Fréttabréfi nr. 33. Þann 15. september, daginn fyrir Evrópufundinn, voru vinnufundir og námskeið. Þar á meðal var námskeið um *World Bird Database*, en það er mjög öflugt forrit sem heldur utan um öll gögn sem tengjast alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum um heim allan. Þá var vinnufundur um ný verkefni á vegum *BirdLife International* og aðildarfélaga þess. Evrópufundurinn stóð yfir frá 16. til 18. september og var fjallað um ýmis málefni, s.s. veiðar á fuglum, vöktun á fuglum í Evrópu, skógrækt, línuveiðar, landbúnað og fleira. Síðasta fundardaginn var gefið yfirlit um starfsemi BirdLife í tengslum við loftslagsbreytingar, Ramsar-samninginn, samning um líffræðilega fjölbreytni og verkefni í Austur-Evrópu í tengslum við inngöngu landa þar í Evrópubandalagið. En mikið af verkefnum á vegum *BirdLife International* eru unnin í tengslum við Evrópubandalagið eða borgað af því. Síðasta fundardaginn voru almenn fundarstörf og kosningar.

Arnarhreiður á Íslandi hafa sjaldan verið fleiri en síðasta sumar, 37 pör urpu, en 26 ungar komust upp úr 19 hreiðrum. Nú komust á legg ungar, þar sem varp hafði

misfarist í áraraðir. Það virðist því aðeins vera að glaðna til hjá erninum, eftir undarlega og óútskýranlega stöðnun um 15 ára skeið.

Félagið gerði **athugasemdir** við fjölmargar **skipulagstillögur**, **umhverfismatsskýrslur og matsáætlanir**, **kærði úrskurði** og fleira. Helstu atriði eru listuð hér á eftir í tímaröð:

- Í janúar: Athugasemdir vegna tillögu um breytingar á aðalskipulagi á gatnamótum Vesturlandsvegur, Reynisvatnsvegur og Víkurvegur.
- Í febrúar: Athugasemdir vegna mats á umhverfisáhrifum mismörgu gatnamóta Vesturlandsvegur, Víkurvegur og Reynisvatnsvegur.
- Í maí: Athugasemdir við framlagaða matsskýrslu vegna uppfyllingar í Arnarnesvogi.
- Í júní: Athugasemdir við matsskýrslu?? Landsvirkjunar um Kárahnjúkavirkjun allt að 750 MW.
- Í júní: Athugasemdir við tillögu að matsáætlun um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum.
- Í júlí: Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum Villinganesvirkjunar í Skagafirði.
- Í október: Stjórnsýslukæra vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum uppfyllingar í Arnarnesvogi.
- Í nóvember: Stjórnsýslukæra vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Villinganesvirkjunar, Skagafirði.

Einnig sendi félagið frá sér allmargar **ályktanir** eða kom að ýmsum málum. Nefna má:

- Ályktun frá stjórn Fuglaverndarfélag Íslands vegna ummæla yfirdýralæknis um smitleiðir gin- og klaufaveiki í byrjun mars.
- Ályktun frá Stjórn Fuglaverndarfélag Íslands vegna skerðingar Þjórsárvera í júní.
- Minnisvarði um Þorstein Einarsson í Laugardal í júní.
- Tillaga að stækkun friðlands í Þjórsárverum í desember.

Fuglaverndarfélagið tók einnig þátt í fjölmörgum ályktunum og ýmsu **samstarfi** með öðrum náttúruverndarsamtökum. Þar á meðal hópi samstarfsfélaga um umhverfis- og náttúruvernd, sem Landvernd hefur haldið utanum. Þessi samtök veita umhverfisverðlaun frjálsra félagasamtaka og hlaut þau að þessu sinni Sigrún Helgadóttir.

Þann 20. mars undirritaði Fuglaverndarfélagið, ásamt tylft annarra svokallaðra frjálsra félagasamtaka („non-governmental organisations“ uppá engilsaxnesku), **samstarfsyfirlýsingu við umhverfisráðuneytið**. Þetta er framhald af samþykkt svokallaðs Árósasamnings, sem gerir hlut frjálsra félagasamtaka meiri í mótun og stefnu umhverfismála í hverju landi. Íslendingar hafa þó ekki enn undirritað samninginn. Jafnframt er samstarfsyfirlýsingin hluti af dánarvottorði Náttúruverndarráðs hins nýja, sem átti að vera Umhverfisráðherra til ráðgjafar, en þótti ekki sigla eftir réttum pólitískum flöggum.

Á aðalfundi voru **lög félagsins** tekin til þó nokkurrar endurskoðunar, reyndar þeirrar mestu frá stofnun félagsins og voru þau færð nær nútímanum. Þau heita nú samþykktir.

Félagið átti tvo fulltrúa í **Nefnd um endurheimt votlendis** (oftast kölluð **Votlendisnefnd**), sem starfar á vegum Landbúnaðarráðuneytisins.

Árni Waag, fyrrverandi formaður, féll frá í apríl og í janúar annar fuglaverndarmaður, Þorsteinn Einarsson.

Lögsókn félagsins og nokkurra mývetnskra bænda var vísað frá í héraðsdómi.

Um vorið voru sett upp skilti í friðlandinu og göngustígurinn lagaður.

Umhverfissjóður (Pokasjóður) veitti styrk uppá 1,5 milljónir, en sjóðurinn hefur gert félaginu kleift að standa að framkvæmdum í friðlandinu og starfi tengdu því.

Loks langar mig að minna á, að félagið verður fertugt í byrjun næsta árs og tími til að fara að undirbúa afmælið nú þegar.